



Oddeyrarskóli Tengja

5. tölublað
skólaárið
2013-2014

Janúar 2014

Heil og sæl kærur foreldrar/forráðamenn og gleðilegt nýtt ár!

Nú í janúar hefjum við skólastarfið með pompi og prakt eins og venja stendur til.

Árshátíð skólans verður haldin **laugardaginn 25. janúar** og biðjum við alla um að taka daginn frá.

Nú eru nemendur farnir að huga að leikritum eða öðrum atriðum til að sýna á árshátíð og árshátíðarnefnd skólans hefur hafið sinn undirbúning. Árshátíðin verður haldin með hefðbundnu sniði, þ.e. í tvennu lagi, þannig að allir bakkir sýna atriði á annarri hvorri sýningunni, en 10. bekkur sýnir á báðum. Foreldrar nemenda í skólanum annast veitingar undir stjórn foreldrafélagsins. Frí verður í skólanum vegna árshátíðar mánudaginn 27. janúar. Þriðjudaginn 28.

janúar er starfsdagur hjá kennurum og því eiga nemendur einnig frí þann dag.

Í febrúarlök er aftur komið að leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat verður opnað fyrir nemendur og kennara þann 21. febrúar og opið til fimmtudagsins 27. febrúar til útfyllingar. Mikilvægt er að allir nemendur fylli leiðsagnarmatið út og að foreldrar taki þátt í því. Með því móti verða viðtölin mun skilvirkari og auka líkur á árangri í námi barnanna.

Nemenda- og foreldraviðtöl verða 3. og 4. mars. Nánari upplýsingar um þau koma síðar. Viðtalsdagana munu nemendur 10. bekkjar selja bolludagsbollur í matsal skólans. Eftir viðtöl tekur vetrarfrí við 5.—7. mars.

Skemmdir á fötum



Í skólanum vinnum við talsvert í skapandi verkefnum sem krefjast þess að við meðhöndlum ýmis efni.

Við viljum hvetja foreldra til að gæta þess að þá daga sem nemendur eru í verkmennt komi þeir ekki í fötum sem þeim er mjög annt um eða eru dýr. Þegar nemendur eru í list- og verkgreinum, aðallega myndmennt og smíðum er mikið unnið með málningu og því hætt við að málning fari í föt og skemmi þau. Því er mikilvægt að nemendur noti viðeigandi hlífðarfatnað og séu ekki í verðmætum fötum.

Fari málning í flík er gott að þvo hana sem allra fyrst upp úr penslasápu.

Tölvu- og tæknimál í Oddeyrarskóla

Á síðasta ári höfum við unnið að því að bæta tölvukost skólans. Við vorum svo heppin að fá nokkrar borðtölvur gefins frá fyrirtæki hér í bæ sem vildi gefa þeim nýtt líf. Við þær voru keyptir nýir skjáir.

Þær hafa verið settar upp víða um skólann og koma að góðu gagni. Fjármagnið sem úthlutað hafði verið til tölvukaupa fór því að mestu til kaupa á **spjaldtölvum**. Skólinn keypti tíu 10" spjaldtölvur og eru þær að hluta undir höndum kennara í þróunarhópi um tölvur. Einnig voru keyptar 8 Samsung Galaxy tab 2 og eru spjaldtölvurnar lánaðar út frá bókasafni skólans til afnota fyrir nemendur.

Þráðlausir punktar voru settir upp í skólanum til að auka notkunarmöguleika far- og spjaldtölva. Nemendum unglíngadeildar er gert kleift að tengjast nýju nemendaneti til að nota eigin síma, spjaldtölvur og fartölvur við verkefnavinnu í skólanum. Í janúar verða keyptir **skjávarpar** í stofur 1.—4. bekkjar sem munu vafalaust koma að góðum notum.





Nýir starfsmenn

Sæunn Sigrún aðstoðarmatráður lét af störfum hjá okkur í desember og þökkum við henni samveruna og óskum henni velfarnaðar. Nýr aðstoðarmatráður



hefur hafið störf hjá okkur, en það er

Sigríður Birna

Bjarnadóttir. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna til okkar. Freyja Björk skólaliði hættir hjá okkur 14. janúar en í stað hennar kemur



Heiðrún Dís Stefánsdóttir og bjóðum við hana einnig innilega velkomna.

Lærdómssamfélag



Skólastjórnendur á Eyjafjarðarsvæðinu hittast mánaðarlega þar sem þeir læra saman um hvað felst í lærdómssamfélagi (*professional learning community*) og hvernig best sé að byggja það upp í skólum.

Lærdómssamfélag er skilgreint á eftirfarandi hátt í grein Önnu Kristínar Sigurðardóttur í ritinu *Fagmennska í skólastarfi*:

„Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans... Í árangursríku lærdómssamfélagi ríkir menning sem hvetur og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks skólans í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemendanna.“

Kennarar Oddeyrarskóla eru að kynna sér þessa hugmyndafræði og máta hana við skólastarfið.

Gott samstarf heimila og skóla lykill að velgengni



Rannsóknir sýna að gott samstarf heimila og skóla hefur mikil áhrif á líðan nemenda, þroska og árangur í námi. Ef þessir aðilar standa saman og sameinast um leiðir og markmið eru auknar líkur á að skólagangan verði farsæl. Foreldrar eru sérfræðingar varðandi sín börn og þekkja þau mest og best en kennarar hafa á valdi sínu ótal leiðir til að nám barna verði eins og best verður á kosið.

Í Oddeyrarskóla hefur frá því árið 2002 verið lögð meiri áhersla á samstarf við heimili en almennt gerist. Það hófst með starfendarannsókn sem Ingibjörg Auðunsdóttir bar hitann og þungann af með dyggum stuðningi kennara og foreldra. Þá hófust m.a. heimsóknir til verðandi 1. bekkinga að vori og 8. bekkinga að hausti sem enn skipa fastan sess í skólastarfinu. Kennarar eru duglegir að upplýsa foreldra um gang mála með dagbókarskrifum, skráningum í verkefnabækur í Mentor, tölvupósti og símtölum ásamt formlegra mati eins og leiðsagnarmati og lokamati á vorin. Þátttaka foreldra í námi barna er alltaf að aukast. Foreldrar þurfa að vera ófeimnir við að láta væntingar sínar um nám barnanna í ljós og standa vörð um nám þeirra með því að vera hvetjandi og styðjandi. Þá er afar mikilvægt að foreldrar tali skýrt um það og á jákvæðum nótum að námið og starfið í skólanum skipti máli þar sem grunnur er lagður að lífi og starfi nemandans í framtíðinni.

Munum að saman náum við árangri!

Næsta tengja kemur út fyrir árhátíð með hagnýtum upplýsingum um hana.